



Þroski 6 mánaða barns



Grófhreyfingar

Veltir sér af grúfu yfir á bak og á báðar hliðar.

Hjálpar til við að setjast upp þegar togað er í hendur þess.

Tekur þunga á lófa með beina olnboga þegar það liggur á grúfu.

Situr með stuðningi. Byrjar að styðja sig fram.

Spyrnir með fullum þunga í fætur, hossar sér, dansar á tánum.

Fínhreyfingar

Þegar barninu eru réttir tveir kubbar, grípur það eftir öðrum. Heldur á báðum ef þeir eru settir í hendurnar.

Missir kubb sem það heldur á, ef það seilist eftir öðrum.

Samskipti og leikur

Eftirvænting eftir að vera tekið upp.

Brosir við spegilmynd sinni.

Gerir greinarmun á fólki sem það þekkir og ókunnugum.

Sýnir ánægju og óánægju.

Maldar í móinn þegar leikfang er tekið af því.

Horfir á eftir hlut sem dettur.

Er dillað þegar dula er sett yfir höfuð þess. Feluleikur.

Málþroski

Hermir eftir hósta, smella í góm, rekur út úr sér tunguna.

Byrjar að tyggja.

Lítur í átt að hljóði.